

## Breytingar á vopnalögum.

22. Nóvember 2023

349. mál á 24. Fundi, 154. Löggjafarþingi.

Ég sendi hér með athugasemd við frumvarp um breytingu á skotvopnaleyfinu og þá sérstaklega þá breytingu er snýr að safnaraleyfi..

Nú þegar er þó nokkur hópur fólks á Íslandi með safnaraleyfi en þessi hópur þarf að uppfylla harðar kröfur til þess að öðlast S-Leyfi.

Áður en aðili getur fengið safnaraleyfi þarf sá sami að vera búinn að hafa B réttindi í 5 ár án þess að lenda í kast við lögin. Viðkomandi þarf að verða sér út um sérútbúinn vopnaskáp (byssuskáp) og ganga frá skápnunum/skápunum á viðunandi hátt. Það er að segja að skápurinn/skáparnir séu festir við vegg/gólf og í vöktuðu rými með öryggismyndavélum til þess að sporna við því að þessum skotvopnum sé stolið eða komist í rangar hendur. Það má segja að það sé skrifað í skýin að enginn safnari hér á landi vill að skotvopn sem hann/hún hefur borgað fyrir, oft góðar upphæðir, sé stolið frá þeim.

Safnarar Íslands sinna því með stolti að varðveita skotvopn sem hafa söguleg gildi hvort sem það er tengt sögu landsins, seinni heimsstyrjöld eða fyrrum stríðum. Vopnin hafa alla jafna sögulegt gildi og jafnvel tilfinningalegt gildi.

Ég er fylgjandi því að það séu lög og reglur varðandi skotvopnaeign á Íslandi, hvort sem þær eru í einkaeign eða ríkiseign. Alveg sama hvort það sé A, B, D, C eða S leyfi.

Eðlilegt er að uppfylla þarf ákveðnar kröfur fyrir hvert leyfi fyrir sig.

Ég set engar athugasemdir út á kröfur sem gerðar eru til þess að afla sér skotvopnaréttindi enda er það í hag allra að þeim kröfum sé fylgt.

Ég set ekki athugasemd við því að breyta tíma frá 5 árum yfir í 10 ár til þess að öðlast safnaraleyfi.

Þessum Lögum og reglum ættu að vera fylgt eftir af Lögregluembætti á hverju landsvæði fyrir sig þar sem yfirfarin er geymsla skotvopna, skotfæra o.fl hjá hverjum

einasta skotvopna eiganda. Slíkt ætti ekki eingöngu að vera hjá þeim sem hafa safnaraleyfi heldur líka þeim sem hafa A, B, D, C réttindi.

Skotvopn skulu undir öllum kringumstæðum vera geymd í læstum, þess til gerðum skotvopnaskápum, alveg sama á hvaða réttindi þau skotvopn séu jafnt og að eðlilegt finnst mér að Lögregla gerir úttekt á skápum og geymslu skotvopna , á öllum réttindum, ekki eingöngu S-leyfi.

Algjört bann við innflutning á hálfsjálfvirkum og alsjálfvirkum skotvopnum fyrir þá sem hafa safnaraleyfi virðist ekki byggt á nægum heimildum eða greiningum. Það kemur fram að rúmlega 1400 slík vopn hafa verið flutt inn síðustu ár skv. greiningu sem framkvæmd var en er búið að greina hvar þessi vopn eru? Er búið að greina hversu mörg þeirra eru í vörslu þeirra sem hafa safnaraleyfi? Er búið að greina hversu mörg þeirra hafa komið við sögu í refsiverðum verknaði eða sjálfsvígi? Er búið að framkvæma áhættumat út frá innflutningi vopna sem safnvopna? Eru það virkilega einstaklingar með safnaraleyfi, sem varsla vopn sín í læstum hirslum í vöktuðu umhverfi þeir sem þarf að hafa áhyggjur af? Líkt og Halldór Auðar Sveinsson sagði þá er verið að ganga ansi hart að söfnurum.

Með vinsemd,

Svangeir Albert H. E. Arnarsson